

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	27.3.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantsolía	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Atlantsolía ehf. rekur olíubirgðastöð við Lónsbraut 2 í Hafnarfirði. Eldsneyti (bensíni og olíu) er landað á bryggju í um 450 metra fjarlægð frá stöðinni og neðanjarðarlagnir liggja þar á milli. Í eftirlitinu var sest yfir skráningar og mælingar með fulltrúum rekstraraðila. Farið var yfir gögn vegna geyma í stöðinni, olíulagna og olíubarka á bryggju. Einnig farið yfir gögn um fráveitumælingar vegna mælinga á olíu í frárennsli. Allar mælingar sem fyrirtækið skal gera og skráningar þar um reyndust í góðu lagi.

Þrír geymar eru í stöðinni, allir botnþykktarmældir á síðustu árum. Tvær löndunarlagnir, önnur fyrir bensín en hin fyrir gasolíu skal þrýstiprófa á árinu. Mæling á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar sýnir á olíuskiljur eru að skila tilætluðum árangri. Klukkutímamæling á bensíni í útblæstri stöðvarinnar ($\text{g}/\text{Nm}^3/\text{klst}$) kemur vel út. Klukkutímamæling sýndi að kröfum í reglugerð 252/1999 er mætt ($0,52 \text{ g HC}/\text{Nm}^3/\text{klst}$).

Skýrsla Aker Solutions(AS) á gufuendurnýtingarbúnaðinum frá júlí 2013 sýnir að dælur (absorbent pumps) leka olíu og því þarf að auka eftirlit með þeim þar til viðgerð hefur farið fram. Bent er á í skýrslunni að líklega hefur kolafilterinn skemmst þegar tækið yfirfylltist af bensíni fyrir 5 árum. Þjónustuaðili ráðleggur að símælingar á bensíngufum séu teknar upp en til þess þarf viðbótarbúnað. Engar kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun vegna lykta frá meðhöndlun og geymslu bensíns í stöðinni.

Áætlanir sem fyrirtækið skal hafa tiltækar voru einnig ræddar, s.s. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurheimtu bensíngufa og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunaraburða.

Skráningar í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru skoðaðar. Skráningar reyndust í góðu lagi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Stöðin er snyrtileg, þrón tóm og skipt hefur verið um jarðveg á lóð stöðvarinnar og grasi skipt út fyrir mól. Skoðuð var aðstaða á bryggju eftir breytingar sem staðið hafa yfir. Þró hefur verið byggð í kringum tengingar barka og lagna á bryggjunni. Þrýstiprófanir á börkum eru frá árinu 2010.

Reykjavík, 14.04.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.